


Ólafur
Elíasson

28.11.2019–
09.02.2020

Bráðnunjökla 1999/2019

The glacier melt
series 1999/2019



Bráðnun jökla 1999/2019

Árið 1999 fór ég til Íslands til að skrásetja nokkra jökla í landinu úr lofti. Á þeim tíma áleit ég jökla vera handan allra mannglegra áhrifa. Þeir voru mikilfenglegir og gagntakandi fagrir, þeir virtust óhreyfanlegir, eilífir. Það sem vakti athygli mína var munurinn á skala mannsins og skala jarðsögunnar. Í mínum augum eru jöklar og klettar fastir fyrir, en á jarðfræðilegum mælikvarða eru þeir sífellt á ferðinni.

Í sumar, tuttugu árum síðar, sneri ég aftur til að ljósmynda sömu jökla frá sama sjónarhorni og úr sömu fjarlægð. Þegar við flugum yfir jöklana brá mér í brún að sjá muninn á þeim. Auðvitað veit ég að hnattræn hlýnun þýðir að ísinn bráðnar og ég bjóst við að sjá breytingar, en hefði þó aldrei getað ímyndað mér hve miklar þær reyndust. Allir jöklarnir hafa skroppið verulega saman og suma átti ég jafnvel í erfiðleikum með að finna aftur. Þessu ætti augljóslega ekki að vera þannig farið, jökulís bráðnar ekki og myndast aftur á hverju ári, líkt og hafís. Þegar jökull bráðnar er hann horfinn. Að eilífu. Það var ekki fyrr en ég sá muninn þá og nú – aðeins tuttugu árum síðar – sem ég skildi til fulls hvað er að gerast. Ljósmyndirnar sýna glögglega afleiðingar mannglegra gjörða á umhverfið. Gegnum þær skynjum við hvað er að gerast.

Í ágúst slóst ég í hópinn með hópi fólks sem vildi minnast hvarfs Okjökuls, fyrsta íslenska jökulsins sem hverfur af mannlegum völdum. Sú reynsla fyllti mann auðmýkt. Skjöldur sem komið var fyrir á svæðinu ber áletrun eftir íslenska rithöfundinn Andra Snæ Magnason, ávarp til kynslóða framtíðarinnar: „Við vitum hvað er að gerast og hvað þarf að gera. Aðeins þú veist hvort við gerðum eitthvað.“

Ég vona að við stöndum nú á tímamótum. Við berum ábyrgð gagnvart kynslóðum framtíðarinnar, á því að vernda þá jökla sem eftir eru og stöðva hnattræna hlýnun. Hver einasti jökull sem við glötum endurspeglar aðgerðaleysi okkar. Hver jökull sem við björgum verður vitnisburður um aðgerðir okkar í baráttunni við hamfarahlýnun. Einn góðan veðurdag verðum við að geta haldið upp á björgun jöklanna okkar í stað þess að syrgja fleiri sem horfnir eru.

Ólafur Elíasson

The glacier melt series 1999/2019

In 1999 I travelled to Iceland to document a number of the country's glaciers from the air. Back then, I thought of the glaciers as beyond human influence. They were awe-inspiring and exhilaratingly beautiful. They seemed immobile, eternal. I was struck at the time by the difference between the human scale and the scale of geo-history. For me a glacier or a rock seem solid, but on the geological scale, rocks and glaciers are constantly in motion.

This summer, twenty years later, I went back to photograph the same glaciers from the same angle and at the same distance. Flying over the glaciers again, I was shocked to see the difference. Of course, I know that global heating means melting ice and I expected the glaciers to have changed, but I simply could not imagine the extent of change. All have shrunk considerably and some are even difficult to find again. Clearly this should not be the case, since glacial ice does not melt and reform each year, like sea ice. Once a glacier melts, it is gone. Forever. It was only in seeing the difference between then and now – a mere twenty years later – that I came to fully understand what is happening. The photos make the consequences of human actions on the environment vividly real. They make the consequences felt.

This August, I joined a group of people to commemorate the passing of Okjökull, the first glacier in Iceland to vanish entirely as a result of human activity. It was a humbling experience. A plaque laid at the site bears an inscription, drafted by the Icelandic writer Andri Snær Magnason, that poses a question to future generations: 'We know what is happening and what needs to be done. Only you know if we did it.'

I hope that we have now reached a turning point. We have a responsibility towards future generations to protect our remaining glaciers and to halt the progress of global heating. Every glacier lost reflects our inaction. Every glacier saved will be a testament to the action taken in the face of the climate emergency. One day, instead of mourning the loss of more glaciers, we must be able to celebrate their survival.

Ólafur Elíasson

Ólafur Elíasson

Bráðnun jökla 1999/2019

The glacier melt series 1999/2019

28.11.2019–09.02.2020

Veggur 1

Wall 1

Fjallsjökull-Hrútajökull

Sandfellsjökull

Kvíárjökull

Hágöngujökull

Huldujökull

Grænalón

Viðborðsjökull

Öldufellsjökull

Skaftafellsjökull

Veggur 2

Wall 2

Múlajökull

Grænalónsjökull

Klifurárjökull

Morsárjökull

Sandfellsjökull

Svínafellsjökull-Hoffellsjökull

Barkárjökull

Nauthagajökull

Sólheimajökull

Veggur 3

Wall 3

Fláajökull

Krossárjökull

Tungnakvíslarjökull

Fjalljökull-Virkisjökull

Ónefndur jökull Unnamed glacier

Rótarjökull

Svínafellsjökull

Skálafellsjökull

Steinholtsjökull

Heinabergsjökull

Hafursárjökull

Entujökull

Fimmtudag 28. nóvember kl. 17:00

Myndlistarmaðurinn

Ólafur Elíasson og rithöfundurinn

Andri Snær Magnason í samtali.

Thursday 28 November 17h00

Artist Ólafur Elíasson and writer

Andri Snær Magnason in conversation

**Nánari upplýsingar um leiðsagnir
og dagskrá á heimasíðu safnsins**

Further information on guided tours and
programme on museum website

**Stórir og smáir hópar
geta bókað sérleiðsögn**

Private groups of different sizes

are welcome to book guided tours

Hafnarhús
Tryggvagata 17
Reykjavík
+354 411 6400

Opið daglega
Frá 10.00 til 17.00
Fimmtudaga
Frá 10.00 til 22.00

Open daily
10h00–17h00
Thursdays
10h00–22h00

© 2019 Listasafn Reykjavíkur
#listasafnreykjavíkur
#reykjavikartmuseum

